

# Skólaráð

---

Skólaráð 24. apríl 2013.

31. fundur

**Mætt voru:** Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ragnheiður Ásmundsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Sverrir Kristinsson fulltrúi nemenda, Mjöll Flosadóttir, Sigurbjörg Daníelsdóttir, fulltrúar foreldra og Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags.

Vilborg Harðardóttir fulltrúi nemenda var fjarverandi.

## 1. Kynning á niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins

HB kynnti valda þætti úr könnuninni eftir óskum fulltrúa og svaraði fyrirspurnum.

Úrvinnsla og birting gagna mun verða sett á heimasíðu. Við skoðun á niðurstöðum kom fram að það mætti hafa námskeið fyrir foreldra í miðdeild (5-7 bekkja) eins og gert er fyrir fyrsta bekk og unglingadeild (málinu vísað til formanns foreldrafélagsins).

## 2. Skólahúsnæðið og skólalóðin, öryggi og aðbúnaður.

Farið yfir úttekt öryggisteymis – viðhaldsverkefnalisti birtur -Gunnar mætir á fundinn og fór yfir stöðu mála. Það sem þarf að laga á skólalóð eru rólur, körfuboltaspjöld, net í mörkum, grindverk í kringum reiti og skrúfur lausar sem þarf að festa, lausar gólflísar í anddyri.

## 3. Lok úttektar bréf frá Mennta- og menningamálaráðuneyti lagt fram.

Öll skilyrði eru uppfyllt af hálfu skólans og máli lokið.

## 4. Skólaþingið og hvernig til tókst.

Almenn ánægja var með þáttökuna alls 37 foreldrar sem mættu. Kynningin þótti góð og nauðsynleg.

## 5. Skólaárið 2013-2014

Farið var yfir tímaúthlutun og bekkjafjölda. 19 bekkir, einn 5.bekkur. Umræður spunnust um fjölda í bekk og hvar væru þolmörkin. Ný skólastofa verður tekin í notkun fyrir námsver fyrir einhverf börn þar sem talsverð fjölgun er þar um 5-6 nemendur . Auglýst hefur verið eftir proskapjálfa og sérkennurum í tvö til þrjú

## Skólaráð

---

stöðugildi. Tveir kennarar fara í námsleyfi og því koma tveir nýir í yngri deildirnar. Áætlað er að skólaárið 2013-2014 verði 388 nemendur í skólanum. Samstarf við Lækjarskóla verður með sama hætti og áður hvað varðar val í unglingadeild. Áfram verður boðið upp á fjölbreytt val, leiklistarnám verður á vegum Gaflaraleikhússins, lönnskólavalið sem gekk mjög vel verður áfram í boði og val utan skóla einnig eins og áður. Nemendur hafa valið sér valgreinar en unnið verður úr þeim í júní.

*Hildur kynti læsisáætlun næsta árs.* Í grófum dráttum verður skipulagið á þennan veg: sept.-nóv. kennsluaðferðir, okt.-nóv. lestrarsprettir, smásagnakeppni, litla/stóra upplestrarkeppnin og hátíð. Eftir áramót meira upprifjun. Gagnvirkur lestur og hraðlestur hjá 9 bekk og yndislestur hjá öllum árgöngum.

### 6. Önnur mál

Passa þarf uppá að lestrarsprettir verði rétt upp raðaðir yfir veturinn svo ekki rekist á aðra áfanga. Vantar meiri áherslu á lestur í ensku og dönsku (skoða lestrarspretti í tungumálum). Rætt var um Marítafræðslu sem var nýafstaðin í skólanum fyrir 9. og 10. bekk en spáð í að hafa 8. bekkja foreldra með næst. Fram kom að það voru áður skiptar skoðanir um ágæti þessarar fræðslu en fulltrúar voru sammála um að hún væri mikilvæg.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.20

Pálmar Sigurðsson, fundarritari

# Skólaráð

---